

Tilgangur

Tilgangur gæðastefnu NTÍ er að tryggja að gæði vinnu og þjónustu haldist stöðug og að þjónusta stofnunarinnar sé í samræmi við væntingar viðskiptavina, samstarfsaðila og starfsmanna.

Í stefnunni felst að:

Öll starfsemi NTÍ skal uppfylla þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar.

NTÍ skal hafa tiltækt hæft starfsfólk, vinnuumhverfi og búnað til að stuðla að fullnægjandi gæðum.

NTÍ skal nota áreiðanlegar og viðurkenndar rannsóknaraðferðir við tjónamat.

Markvisst skal viðhalda og bæta stefnur og verkferla stofnunarinnar með endurskoðun og innri úttektum.

Ábyrgð

Forstjóri ber ábyrgð á gæðastefnu NTÍ.

Sviðsstjóri þjónustusviðsber ábyrgð á að verklagsreglur og vinnulýsingar séu endurskoðaðar skv. endurskoðunaráætlun ferla, UPL197.

Starfsmönnum og verktökum NTÍ ber að fylgja gæðastefnunni.

Kópavogur, 10. september 2021

Stjórn NTÍ hefur samþykkt þessa stefnu og styður við framkvæmd hennar.

Stefna þessi var fyrst útgefin í október 2011